

HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. P 139/647
komudagur 2.12.2010

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2010

Vísað er til beiðni, dags 26. nóvember sl., um umsögn Hæstaréttar Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla nr. 15/1998 (fjölgun dómara), 246. mál.

Það er afstaða Hæstaréttar að til frambúðar eigi að stefna að stofnun millidómstigs, sem fjalli bæði um einkamál og sakamál, og um leið að málum fækki fyrir réttinum þannig að hann fái aðeins til úrlausnar mál, sem hafi fordæmisgildi. Verði þá dómurum við Hæstarétt fækkað að sama skapi. Með því á hinn bóginn að fyrir virðist liggja að ekki sé talið unnt að ráðast í slíkar breytingar nú lýsir Hæstiréttur sig sammála frumvarpinu. Um leið verður þó rétturinn að koma því á framfæri að hann telur þörf á að gera þrjár aðrar breytingar á lögum um dómstóla í tengslum við þá fjölgun dómara, sem ráðgerð er í frumvarpinu. Þær snúa í fyrsta lagi að því að lengja kjörtímabil forseta Hæstaréttar samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laganna úr tveimur árum í fimm, í öðru lagi að heimila að fleiri dómara en sjö geti setið í sérlega mikilvægum málum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laganna, og í þriðja lagi að rétturinn taki sjálfur ákvörðun um hvernig dómurum verði skipað í deildir, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Þá er jafnframt lagt til að breyting verði gerð á gildistökuákvæði frumvarpsins í tengslum fyrsta atriðið af þessum þremur. Tillögur Hæstaréttar um þessar breytingar fylgja hér með.



Ingibjörg Benedíksdóttir,
forseti Hæstaréttar.

Breytingar á lögum um dómstóla nr. 15/1998

1. Í stað orðsins „tveggja“ í 1. málslíð 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: fimm.
2. 2. málslíður 1. mgr. 7. gr. laganna verður svohljóðandi: Í sérlega mikilvægum málum getur forseti þó ákveðið að fleiri en fimm dómara skipi dóm, en fjöldi þeirra skal þá standa á oddatölu.
3. 2. mgr. 7. gr. laganna verður svohljóðandi: Hæstiréttur getur ákveðið að dómurum sé skipað í deildir afmarkað tímabil í senn eftir fastri almennri reglu.
4. Við gildistökuákvæði í frumvarpinu bætist eftirfarandi: Ákvæði [? – líður 1. hér að ofan]. gr. kemur þó ekki til framkvæmdar fyrr en forseti Hæstaréttar verður næst kjörinn.